



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BS ritgerð

í viðskiptafræði

Erlent vinnuafli á Íslandi

Hver er staða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði?

Ólöf María Stefánsdóttir

Leiðbeinandi: Sigurður Guðjónsson, Lektor

Júní 2022

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Erlent vinnuafli á Íslandi

Hver er staða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði?

Ólöf María Stefánsdóttir

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Sigurður Guðjónsson, Lektor

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Erlent vinnuafli á Íslandi.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BS-prófs við Viðskiptafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2022 Ólöf María Stefánsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2022

Formáli

Heimildaritgerð þessi er 12 eininga lokaritgerð til BS prófs í viðskiptafræði á fjármálasviði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi er Sigurður Guðjónsson, lektor í Háskóla Íslands. Ég er Sigurði mjög þakklát fyrir veitta aðstoð og skilning. Mín þrjú ár í Háskóla Íslands hafa verið mér afar lærdómsrík og hef ég öðlast enn meiri þekkingu og skilning á viðskiptaheiminum og hlakka ég til að nýta mér þá þekkingu í lífinu. Ég vil einnig þakka mínum samnemendum, kennurum og stjórnendum við Háskóla Íslands fyrir skilning og leiðsögn í gegnum árin. Ég flutti til Vestmannaeyja árið 2020 til þess að spila handbolta með ÍBV og hef lært mest megnis af mínu námi þáðan. Þetta hafa verið erfið tvö ár að stunda staðnám frá Vestmannaeyjum og hefði mér ekki tekist það án leiðsagnar og skilningsríkra kennara og samnemanda.

Útdráttur

Í þessari heimildaritgerð er verið að rýna í stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði. Það verður skoðað hvaða störf eru algengust meðal innflytjenda á Íslandi, hvar á Íslandi setjast innflytjendur helst að og hvaða rannsóknir hafa verið gerðar um innflytjendur sem koma til Íslands ásamt því að kanna réttindi þeirra á íslenskum atvinnumarkaði. Skoðað verður fordóma og mismunun sem innflytjendur þurfa að búa við á Íslandi sem og stöðu erlendra kvenna á Íslandi. Einnig verður skoðað atvinnuleysi og atvinnuþátttöku innflytjenda á Íslandi. Síðast verður rýnt í menntun og kjör innflytjenda og athugað hvort mismunað sé innflytjendum á grundvelli kjara sem og hvar launamismunurinn liggur. Rannsóknaspurningin er: Hver er staða innflytjenda á Íslenskum atvinnumarkaði? Niðurstöður ritgerðarinnar segja til um erfiða stöðu innflytjenda á Íslandi. Þrátt fyrir fjölmarga innflytjendur hér á landi þá er staða þeirra ekki allgóð. Innflytjendur þurfa margir hverjir að þola ýmsa fordóma og mismunun á atvinnumarkaði og í samfélaginu sjálfu. Staða innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði er erfið og eru flestir þeirra í láglau nastörfum og virðast vinna lengri vinnutíma og fleiri daga en innlendir. Erlendir á íslenskum atvinnumarkaði fá oft minna borgað en innlendir fyrir sín störf ásamt því að vera í áhættuhóp á að vera svindlað á sökum tungumálaerfiðleika og lítillar þekkingu á réttindum sínum.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Útdráttur	5
1 Inngangur.....	8
2 Aþjóðlegur búferlaflutningur.....	10
2.1 Ástæður búferlaflutninga á milli landa	10
2.2 Búferlaflutningar til Íslands	11
3 Vinnumarkaðurinn á Íslandi.....	13
3.1 Réttindi fólks á atvinnumarkaði	13
3.2 Áhrif Covid-19 á atvinnumarkað Íslands	14
3.3 Staðan í Úkraínu og áhrif þess á búferlaflutninga.....	15
4 Innflytjendur á Íslandi.....	16
4.1 Innflytjandi: skilgreining á hugtakinu	16
4.2 Innflytjendur setjast að á Íslandi – Afhverju Ísland?	16
4.3 Staða innflytjenda á íslenskum húsnæðismarkaði.....	17
5 Innflytjendur á Íslenskum atvinnumarkaði.....	19
5.1 Atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi.....	19
5.2 Atvinnuleysi innflytjenda á Íslandi	20
5.3 Staða innflytjenda	21
5.4 Framtíðarhorfur.....	22
6 Mismunun.....	25
6.1 Birtingamyndir mismununar	25
6.2 Fjárhagur innflytjenda á Íslandi.....	26
6.3 Menntun innflytjenda á Íslandi	28

6.4	Uppruni og laun.....	29
6.5	Konur af erlendum uppruna á Íslandi	30
7	Umræður og lokaorð	32
	Heimildaskrá	35

1 Inngangur

Innflytjendum á Íslandi fer sífelld fjölgandi með árunum, líkt og þeir hafa verið að gera í tugi ára. Samkvæmt seinustu tölum frá Hagstofu Íslands eru innflytjendur 57.126 talsins eða 15,5% allra landsmanna. Til samanburðar þá var hlutfall innflytjenda á Íslandi einungis 8% árið 2008 og gefur það okkur góða mynd af fjölgun innflytjenda á Íslandi með árunum (Hagstofa Íslands, 2019). Íslendingar hafa sterkar skoðanir á ýmsu og er málefni innflytjenda á Íslandi eitt þeirra sem margir hafa skiptar skoðanir á. Íslendingar eru mis ánægðir með fjölda innflytjenda á Íslandi og telja sumir einfaldlega ekki vera pláss fyrir erlenda að setjast hér að. Þróunin hefur samt sem áður sýnt fram á að það er gamaldags og fer bráðum að verða úrelt hugsun. Í dag er tekið mun betur á móti innflytjendum en tíðkaðist áður fyrr, þó það sé alltaf ábótavant. Ástæður þess að innflytjendur flytji búferla sína til Íslands sem og annarra landa eru misjafnar eins og þær eru margar. Algengasta ástæða fólksflutninga milli landa er fátækt og leit að atvinnutækifærum í öðrum löndum en heimalandi sínu þar sem atvinnuleysi getur verið mikið víðast hvar. Aðrar ástæður þess að fólk flytur búferla er meðal annars vegna matarskorts, lélegs efnahagsástands eða stríðsátaka. Sumir koma hingað af frjálsum vilja en sumir einfaldlega neyðast til þess að flýja heimaland sitt og koma til Íslands, sem og annarra landa, í von um fleiri tækifæri og betra líf (Byggðastofnun, 2011).

Eftirfarandi heimildaritgerð er gerð til þess að rýna nánar í stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði og athuga nánar hvort þeim sé mismunað á einhvern hátt.

Í ritgerðinni verður skoðuð atvinnuþáttaka innflytjenda á Íslandi, réttindi þeirra á atvinnumarkaði og hvort að mismunur sé á launum innflytjenda og innlendra. Einnig verður fjárhagsstaða og atvinnuleysi innflytjenda skoðuð og bornar saman upplýsingar við önnur lönd. Staða erlendra kvenna á Íslandi verður einnig skoðuð. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Hver er staða innflytjenda á Íslenskum atvinnumarkaði? Svara verður leitað og upplýsingum verður aflað með því að rýna í rannsóknarskýrslur sem hafa verið gerðar á stöðu innflytjenda á Íslandi, skoðaðar verða ritrýndar greinar sem og lög og reglugerðir. Efni verður skoðað á íslensku, en einnig verður

erlent efni skoðað með þeim tilgangi að afla sem mest af upplýsingum, til þess að fá skýra mynd af stöðu innflytjenda á Íslandi.

Þessi ritgerð skiptist niður í sjö kafla þar sem fjallað verður um ýmis málefni tengd stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði í hverjum kafla fyrir sig. Í kafla tvö er farið yfir almennan alþjóðlegan búferlaflutning og ástæður hans. Í þriðja kafla verður skoðaður atvinnumarkaðurinn á Íslandi fyrir innflytjendur og verður farið yfir réttindi þeirra á íslenskum atvinnumarkaði. Fjórði kafli ber heitið innflytjendur á Íslandi og þar verður farið yfir skilgreininguna á hugtakinu innflytjandi, bæði almennur skilningur og lagalegur. Eins verður rýnt í ástæður þess að innflytjendur velji að setjast að á Íslandi. Í fimmta kafla verður talað um innflytjendur á íslenskum atvinnumarkaði og atvinnuþátttaka sem og atvinnuleysi innflytjenda á Íslandi og borin saman við önnur lönd. Kafli sex snýr að fordómum og mismunun í garð innflytjenda, en þar verða skoðaðar ýmsar birtingarmyndir fordóma og mismununar. Skoðað verður meðal annars laun og menntun innflytjenda á Íslandi og stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Að lokum eru lokaorð kynnt en þar verður allt efnið dregið saman og niðurstaða ritgerðar rædd og ályktuð.

2 Þjóðlegur búferlaflutningur

2.1 Ástæður búferlaflutninga á milli landa

Búferlaflutningur hefur átt sér stað alla tíð þar sem fólk í heiminum er ávallt á ferðinni í leit að betra lífi á nýjum stað. Fólk flytur af ýmsum ástæðum og oft getur það einfaldlega verið vegna þess að það neyðist til þess að flýja heimaland sitt. Margt fólk flytur sökum erfiðs efnahagsástands í heimalandi sínu í von um betri atvinnutækifæri, vegna náms eða til þess að sameinast fjölskyldu sinni. Aðrir flytja ósjálfviljugir þar sem þeir eru að flýja stríðsátök, ofsóknir eða brot á mannréttindum. Átök geysa víða hvar í heiminum og neyðist fólk oft til þess að flýja heimaland sitt í leit að betri lífsgæðum. Það hafa aldrei jafn margir og í dag búið annars staðar en í heimalandi sínu (OECD, 2017).

Umhverfis- og loftlagsbreytingar eiga stóran þátt í fjölgun búferlaflutninga í heiminum. Hamfarir, s.s. flóðbylgjur, þurrkur, ofhlýnun og hvirfilbylir hafa margslungin áhrif á lífsgæði fólks og flýr fólk oft heimaland vegna eyðileggingar eða erfiðs lífsskilyrða. Árið 2020 voru rúmlega 30,7 milljónir manns frá 145 löndum sem flúðu heimaland sitt sökum hamfara. Hamfarir geta ollið ýmsum áhrifum á lífsskilyrði fólks. Efnahagslegt tjón s.s. tjón á húsnæði og búskap einstaklinga sem getur orðið til þess að auðveldara eða nauðsyn sé að flytjast og hefja nýtt líf í öðru landi (UN migration, 2022).

Árið 2020 var áætlað að fjöldi innflytjenda sem fluttu búferla vegna atvinnutækifæra væri u.þ.b. 281.000.000 á heimsvísu sem gerir 3.6% þjóðarinnar, en til samanburðar þá voru það 221.000.000 árið 2010. Vinsælustu lönd sem innflytjendur flytja búferla sína til eru Bandaríkin, Þýskaland, Sáði Arabía og Rússland. Af þessum löndum þá standa Bandaríkin helst upp úr, en í Bandaríkjunum búa nú rúmlega 51 milljónir innflytjendur og er það 35 milljónum fleiri innflytjendur en búa í Þýskalandi sem kemur í öðru sæti yfir flesta búsetta innflytjendur. Gríðarlegur fjöldi innflytjenda velja að flytja búferla sína til Bandaríkjanna og ef við skoðum tölfræðina þá eru það 19% af fjölda innflytjenda í heiminum sem búa þar (Best citizenship, e.d.). Bandaríkin er stór þjóð með mörgum tækifærum og efnahagsástandið í ágætu standi þar. Innflytjendur laðast að Bandaríkjunum vegna þessa, en einnig vegna þess að þar er auðvelt að finna atvinnu, gott menntakerfi og trúfrelsi ríkir þar.

Það er því að sjá gríðarlega þróun á fjölda innflytjenda í atvinnuleit á milli ára. Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir verkefni um sjálfbæra þróun og má sjá markmið sem tengjast búferlaflutningum á plani þeirra fyrir árið 2030, en það er í fyrsta sinn sem markmið af því tagi er á listanum. Skilaboðin með því frá sameinuðu þjóðunum eru „enginn verður útundan“, og er þar með taldir innflytjendur (Organization for migration, 2019).

Búferlaflutningar fólks geta verið langt ferli. Oft flytur einn fjölskyldumeðlimur fyrst með það að markmiði að skoða aðstæður og svo seinna meir kemur fjölskyldan og flyst einnig til landsins. Margir innflytjendur stunda það einnig að flytjast til annars lands í leit að betri atvinnutækifærum og senda svo peninginn sem þeir afla heim til fjölskyldu sinnar í heimalandi sínu. Rúmlega 1 af hverjum 9 íbúum heims fær sendan pening frá fjölskyldumeðlimi sem flust hefur frá heimalandi sínu vegna betri atvinnutækifæra og eru innflytjendur að senda að jafnaði 15% af heildartekjum sínum í mánuði. (Organization for migration, e.d.)

2.2 Búferlaflutningar til Íslands

Búferlaflutningar til Íslands hafa færst í aukana síðustu ár og talið að það muni aukast til muna næstu árin. Fjölmargar ástæður standa á bakvið búferlaflutninga einstaklinga en það að landamæri margra landa séu nú opin hefur gert þeim kleift að auðveldara er að flytja búferla sína á milli landa. (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.) Innflytjendum fjölgar hratt á Íslandi og eru Íslendingar m.a. komnir fram úr Svíþjóð þegar horft er á fjölgun innflytjenda á milli ára. Hlutfall innflytjenda á Íslandi hækkaði úr 7% í 14% á árunum 2014-2019 á meðan hlutfall innflytjenda í Svíþjóð fór úr 9% í 11% á sama tíma (Samtök atvinnulífsins, e.d.).

Árið 1993 gerðist Ísland aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og í kjölfar þess fóru að aukast í búferlaflutningar til Íslands. Fyrir þann tíma voru innflytjendur á Íslandi flestir frá Norðurlöndunum, Þýskalandi, Bretlandi og Norður-Ameríku en með tilkomu samningsins komu innflytjendur frá öðrum ríkjum einnig til Íslands. Mesta breyting á fólksflutningi innflytjenda til Íslands átti sér stað á þensluskeiðinu en þá var árlegur flutningsjöfnuður innflytjenda á bilinu 13-18 af hverjum 1.000 íbúum árin 2005-2007 (Velferðarráðuneytið, 2012).

Alþjóðlegir búferlaflutningar innflytjenda til annarra landa eru oftast en ekki starfstengdir flutningar. Margir búa við fjárhagslega erfiðleika í sínu heimalandi og leita í önnur lönd vegna betri atvinnutækifæra og betri lífsgæða. Innflytjendur koma margir hverjir til Íslands í leit að atvinnu og enda þeir oftast en ekki í þeim lágláunastörfum sem Íslendingar vilja helst ekki ganga í, s.s. ræstingarstörf, afgreiðslustörf og önnur störf sem ekki krefjast sérfræðiþekkingar (Mirra, 2020).

Þann 25. mars árið 2001 gerðist Íslands hluti af Schengen samstarfinu, en samtals tilheyra 26 ríki samstarfinu. Fellt var niður eftirlit á innri landamærum ríkjanna sem tilheyrðu Schengen samstarfinu og var það jákvæð þróun í stöðumálum innflytjenda á Íslandi. Schengen samstarfið átti þannig eftir að koma til með að auðvelda frjálsa för fólks um svæðin sem tilheyra samstarfinu, þar með var minna mál fyrir þau ríki að ferðast á milli landa og setjast að (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2012). Með tilkomu Schengen samstarfsins á Íslandi varð innflytjendum frá þessum ríkjum kleift að flytjast til Íslands á auðveldari hátt og þar með jókust flutningar innflytjenda frá fjölbreyttari löndum, þar sem lönd utan Evrópu tilheyra m.a. þessu samstarfi. Schengen samstarfið varð þ.a.l. til þess að erfiðara var fyrir innflytjendur sem voru utan samstarfsins að flytja til Íslands og sækja atvinnu þar. Þar sem aðsóknin var svo mikil frá innflytjendum sem tilheyrðu samningnum varð erfiðara fyrir innflytjendur sem voru utan þeirra ríkja að flytja búferla sína til Íslands (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2012).

3 Vinnumarkaðurinn á Íslandi

3.1 Réttindi fólks á atvinnumarkaði

Stéttarfélög hafa mörgum hlutverkum að gegna en eru fyrst og fremst hlutverk þeirra að standa hagsmunagæslu einstaklinga á atvinnumarkaði og standa að gerð kjarasamninga. Frjáls aðild er að stéttarfélögum og eru þau vernduð með stjórnarskrá, lögum og alþjóðasamþykktum (BSRB, e.d.). Réttindi er mikilvægur liður í lífi fólks og hafa allir sín réttindi í starfi og lífi. Innflytjendur eiga oft erfiðara en aðrir landsmenn með að þekkja og kunna sín réttindi þar sem þau kunna tungumálið ekki nægilega vel og eru ekki nógu vel upplýst af atvinnuveitanda um réttindi sín. Það getur því verið auðveldara að brjóta á réttindum innflytjenda þar sem þeir þekkja réttindi sín ekki nægilega vel. Þegar hafið er starf við nýja vinnu er mikilvægt að skrifa undir ráðningarsamning svo að maður hafi réttindi í því starfi. Innflytjendur hafa margir hverjir ekki skrifað undir ráðningarsamning eða þurft að ganga á eftir einum slíkum og er það eitthvað sem innlendir þurfa sjaldnar að líða. Jafnaðarkaup er eitthvað sem margir innflytjendur eru skikkaðir í og fá margir ekki greidda yfirvinnu eða hátíðarlaun þegar það á við. Það er því margt sem hægt að er að bæta varðandi þekkingu innflytjenda á réttindum sínum (Nanna Hermannsdóttir, 2019).

Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram stefnu um aðlögun innflytjenda á Íslandi árið 2017. Þar lögðu stjórnvöld m.a. áherslu á réttindi innflytjenda á atvinnumarkaði á Íslandi. Innflytjendur á Íslandi eru með því hærra hlutfalli í heiminum þegar kemur að atvinnuþátttöku í búsetulandi sínu og eru það skýr markmið hjá stjórnvöldum að halda því áfram eða jafnvel hækka atvinnuþátttöku innflytjenda. Samstarf stjórnvalda og vinnumarkaðarins er afar mikilvægt og hafa stjórnvöld það að markmiði að bæta það samstarf enn fremur á næstu árum. Samstarf þeirra á að koma til með að bæta eftirlit með að lög séu virt og kjarasamningum framfylgt. Eins var lögð áhersla á að dvalar- og atvinnuleyfi innflytjenda sem starfandi eru á íslenskum atvinnumarkaði séu gild, þar sem það er mikilvægt til þess að innflytjendur viðhaldi réttindum sínum (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Stjórnarskráin hefur að geyma ýmis lög þegar kemur að lögum og réttindum innflytjenda á Íslandi. Lög nr. 97/2002 gefa heimild til að veita innflytjendum atvinnuleyfi á Íslandi í samræmi við stefnu stjórnvalda sem í gildi eru hverju sinni. Þessi lög eiga að

tryggja innflytjendum sem flytjast til Íslands og sækja atvinnu réttaröryggi á atvinnumarkaðinum. Í 6.gr laganna segir að ekki megi veita erlendum aðilum, sem dveljast á Íslandi, atvinnuleyfi hér á landi hafi hann ekki dvalarleyfi á Íslandi. Þó er heimilt að veita undanþágu um tímabundið atvinnuleyfi hér á landi ef enginn fæst í starfið á íslenskum atvinnumarkaði eða innan Evrópska efnahagsvæðisins, með umsögn frá stéttarfélagi, skrifað sé undir ráðningarsamning tímabundið, atvinnurekandi hafi sjúkratryggt einstaklinginn samkvæmt lögum eða ef að atvinnurekandi ber ábyrgð á því að erlenda einstaklingnum sé komið heim að atvinnutíma sínum loknum, samkvæmt 7.gr laganna (Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002). Á Íslandi eru starfræk fjölda mörg íþróttalið í ýmsum íþróttagreinum. Íslensk íþróttalið sækjast mikið í erlenda leikmenn til þess að styrkja lið sín. Þegar erlendir leikmenn flytjast til Íslands tímabundið vegna atvinnumannasamninga við íþróttalið þá er leikmaður á launaskrá hjá viðkomandi liði og getur þ.a.l. sótt um tímabundið atvinnuleyfi á Íslandi samkvæmt 10.gr laga nr. 97/2002. Til þess að atvinnuleyfi atvinnumanns sé tímabundið veitt þarf hann að uppfylla ofangreind skilyrði sem koma fram í 7.gr laganna (Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002).

3.2 Áhrif Covid-19 á atvinnumarkað Íslands

Atvinnumarkaðurinn á Íslandi er stór og fjölbreyttur. Það er mikil eftirspurn eftir atvinnu á Íslandi í dag. Það sem hefur þó haft gríðarleg áhrif á framboð atvinnu á Íslandi í dag, eins og öllum heiminum, er tilkoma Covid-19. Heimsfaraldurinn, Covid-19, hófst í lok árs 2019 og hefur ekki enn lokið göngu sinni. Fólk í heiminum vissi lítið um veiruna þegar upptökin áttu sér stað og hafði ekki margan grunað að áhrif hennar yrðu svona mikil. Það ríkti mikil óvissa enda voru einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld ekki að búast við heimsfaraldri og því margir illa undirbúnir. Heimsfaraldur jafn alvarlegur og Covid-19 er og af þessari stærðargráðu varð til þess að stjórnvöld þurftu að grípa til sóttvarnaraðgerða. Slíkar haftir og takmörk sem voru í gildi áttu eftir að hafa gríðarleg áhrif á efnahagskerfið og um leið slæm áhrif á atvinnumarkað Íslands (Vinnumálastofnun, 2019).

Sóttvarnaraðgerðir í gildi á Íslandi hafa verið mismunandi og þróast með stöðu Covid-19 á Íslandi hverju sinni. Samkomutakmarkanir á Íslandi hafa minnst farið niður í 10 manns og er rétt hægt að ímynda sér hvaða áhrif það hefur haft á efnahag og rekstur

fyrirtækja á Íslandi. Mörg fyrirtæki hafa átt erfitt uppdráttar á þessum tíma og þurft að segja upp starfsfólki eða minnka starfshlutfall starfsmanna til þess að ná að halda uppi rekstri. Með tilkomu heimsfaraldursins hefur atvinnuleysi hér á landi náð hámarki. Í miðjum heimsfaraldri í september 2020 mældist atvinnuleysið hér á landi 9% og átti aðeins eftir að aukast þar sem að Covid-19 hafði ekki náð hámarki á þeim tíma. Atvinnuleitendur af erlendu bergi brotnu voru 7.671 talsins í lok september 2020 sem þýddi að 20% atvinnuleysi ríkti meðal erlendra ríkisborgara á Íslandi (Vinnuálastofnun, 2020).

Kórónuveirufaraldurinn hafði meiri áhrif á líf innflytjenda en innlendra á Íslandi þar sem miklar haftir urðu á þjónustu ríkisins við þá. Erfiðara varð fyrir íslenska ríkið að veita þá þjónustu og aðstoð sem boðið var upp á fyrir innflytjendur fyrir komu Covid-19. Afleiðingar Covid-19 fyrir innflytjendur voru einna helst aukið atvinnuleysi, meiri félagsleg einangrun og erfiðara að viðhalda menntun barna af erlendum uppruna. Þar sem nemendur voru oft á tíðum að læra mest megnis af náminu heiman frá varð erfiðara fyrir innflytjendur að halda sér við námsefnið og skilja það án persónulegrar hjálpar frá kennurum. Brúarsmíði bauð hins vegar upp á fjarnámsaðstoð fyrir börn af erlendum uppruna á átta mismunandi tungumálum til þess að reyna minnka skaðann sem gat orðið af fjarnáminu (Reykjavíkurborg, 2021).

Ísland er vinsælt land sem er þekkt fyrir sínar náttúruperlur og þ.a.l. streymir oft ferðamönnum til landsins. Innflytjendur hafa margir hverjir fengið atvinnu í ferðaþjónustugeiranum á Íslandi og mörg atvinnutækifæri fyrir innflytjendur skapast í þeirri atvinnugrein. Með tilkomu Covid-19 hefur fjöldi ferðamanna til landsins fækkað og hefur það haft afar slæm áhrif á stöðu innflytjenda á atvinnumarkaðinum á Íslandi. Veruleg minnkun ferðamanna til Íslands hefur leitt til þess að störf í boði á atvinnumarkaði hafa minnkað sem og laun landsmanna. Slæm staða ferðaþjónustunnar vegna heimsfaraldursins getur því vel skýrt aukið hlutfall innflytjenda á atvinnuleysisskrá (Ferðamálaráðuneytið, 2020).

3.3 Staðan í Úkraínu og áhrif þess á búferlaflutninga

Stríðsátök geysa víða hvar um allan heim og hafa mismikil áhrif á lífskilyrði fólks. Átök Rússlands og Úkraínu sem hófst í febrúar árið 2022 og geysir enn hefur verið áberandi í

öllum heiminum síðan það hófst. Margir heimamenn hafa þurft að flýja sitt land sökum stríðsins. Rúmlega 4,3 milljónir manns hafa þurft að flýja frá Úkraínu þar sem að átökin eru svo slæm að ótal margir hafa látið lífið eða misst húsnæði sín. Stríðið hefur orðið til þess að gríðarleg fjölgun er í búferlaflutningum í heiminum. Af þeim rúmlega 4,3 milljónum sem flúðu Úkraínu voru lang flestir sem fluttust til Póllands, sem er nágrennaland Úkraínu. Margt fólk fluttist einnig til Rumeníu, Slóvakíu og Ungverjalands svo eitthvað sé nefnt. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða langtímaáhrif átökin munu hafa á búferlaflutninga í heiminum en þó er ljóst að áhrifin verða þó nokkur þar sem ekkert er vitað hvort eða hvenær þessi átök munu taka enda (Lorena Martini, 2022).

4 Innflytjendur á Íslandi

4.1 Innflytjandi: skilgreining á hugtakinu

Innflytjandi er skilgreindur af Hagstofu Íslands sem einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem eru einnig fæddir erlendis sem og báðar ömmur og afar. Einnig eru margir innflytjendur af annarri kynslóð búsettir á Íslandi og eru þeir skilgreindir sem einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga báða foreldra af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2019).

4.2 Innflytjendur setjast að á Íslandi – Afhverju Ísland?

Á Íslandi búa 57.126 innflytjendur samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Það er gríðarleg fjölgun frá árinu áður, en þá voru innflytjendur á Íslandi 55.354 talsins (Hagstofa Íslands, 2019). Einstaklingar og fjölskyldur flytja búferla sýna milli landa af ýmsum ástæðum. Margir af fjárhagslegum ástæðum, aðrir vegna stríðsátaka í heimalandi eða einfaldlega í leit að betri atvinnutækifærum og betri lífsgæðum.

Efnahagskerfi í löndum hefur áhrif á búferlaflutninga milli landa, fólk flytur frekar búferla sína til annars lands þegar efnahagskerfið er bággt statt í sínu heimalandi og lítið af störfum í boði þar. Þegar íslenska efnahagskerfið hrundi árið 2008 þá bættist mikið í fjölda atvinnulausra á Íslandi og var stór hluti af þeim innflytjendur. Snemma árs 2017 voru um 20% innflytjenda á atvinnuleysisrá hér á Íslandi og með mikilli aukningu innflytjenda til

landsins þá hefur hlutfallið aukist (Alþýðusamband Íslands, 2018). Atvinnumarkaðurinn á Íslandi og tækifæri innflytjenda til þess að fóta sér sess á honum er eitt helsta aðráttarafi innflytjenda til Íslands. Tiltölulega auðvelt er að sækja sér dvalarleyfi á Íslandi ef starf. Er við hendi. Atvinnumöguleikar á Íslandi eru fjölmargir og starfa þeir einna helst við þjónustu, iðnað og fiskvinnslu (Byggðastofnun, 2011).

Það er margt sem laðar innflytjendur að flytja frekar búferla sína til Íslands frekar en til annarra landa. Gott menntakerfi og frekar stöðugt efnahagskerfi á Íslandi er ekki það eina sem innflytjendur horfa til þegar þau taka slíka ákvörðun náttúran, hágæða vatn, sjálfbær orka og öryggi eru einnig kostir sem innflytjendur laðast að. Sjálfbær orka er mjög mikill kostur við Ísland, en ekki öll lönd búa við slíkt. Rafmagn og vatn kemur allt frá náttúrulegum uppsprettum á Íslandi og er það mjög jákvætt fyrir innflytjendur þar sem slíkt getur verið mjög kostnaðarsamt í öðrum löndum (Agata Ryszowska, 2020).

4.3 Staða innflytjenda á íslenskum húsnæðismarkaði

Húsnæði er mikilvægur þáttur í lífsskilyrðum fjölskyldna og getur húsnæði oft sagt mikið til um velferð þeirra. Íslenski leigumarkaðurinn hefur lengi verið óstöðugur og ekki þótt afar öruggur. Fjölskyldur í leiguhúsnæðum þurfa mun oft að breyta um húsnæði en þær fjölskyldur sem eiga húsnæði. Erfitt getur verið fyrir börn og einstaklinga að móta sess í íslensku samfélagi þegar oft er verið að breyta um umhverfi og stöðugleiki lítill (Velferðarráðuneytið, 2016).

Meira er um að innflytjendur séu á leigumarkaði en innlendir á Íslandi. Innflytjendur eru oft láglænaðari og eru fleiri innflytjendur á atvinnuleysisrá en innlendir. Það getur þar af leiðandi reynst innflytjendum erfitt að festa kaup á eign. Það getur verið kostnaðarsamt að vera á leigumarkaðinum þar sem hann er mjög óstöðugur og breytilegur. Á árunum 2008-2016 var áætlað að innflytjendur á íslenska leigumarkaðinum væru á bilinu 34,2% til 52,6% sem er gríðarlega hátt hlutfall samanborið við hlutfall innlendra á leigumarkaðnum á þeim tíma, en innlendir á íslenska leigumarkaðinum voru á bilinu 13,3% til 21%. Ef einungis er skoðað árið 2016 þá voru innflytjendur á leigumarkaði á bilinu 40% til 54,3% (Hagstofa Íslands, 2019).

Á árunum 2004-2007 hækkaði verð húsnæða um 95%, eða 59% af raunvirði. Þegar efnahagshrunið átti sér stað urðu húsnæðislán mun dýrari og þ.a.l. húsnæðisleiguverð einnig mun dýrari. Það varð því mun erfiðara fyrir innflytjendur að finna sæmilegt

húsnæði á góðu verði fyrir fjölskylduna þar sem kjör þeirra voru ekki að hækka með hækkandi verðum á húsnæðum (Mirra, 2015). Innflytjendur þurfa margir hverjir að sætta sig við að búa þröngt í húsnæðum á Íslandi og er áætlað að um 15% til 33% innflytjendur búi þröngt á Íslandi. En einungis rúmlega 5%-7% Íslendinga er áætlað að búi þröngt. Innflytjendur hafa margir hverjir ekki efni á húsnæði sem rúmar alla fjölskyldumeðlimi í eigið herbergi (Hagstofa Íslands, 2019).

Stjórnvöld á Íslandi hafa staðið fyrir stefnumótum í húsnæðismálum þar sem áhersla er lögð á vellíðan og aukið öryggi í húsnæðismálum, en efla þarf leigumarkaðinn svo um munar svo hann geti talist öruggur. Fjölmargir innflytjendur eru á leigumarkaðinum og töluvert færri eiga húsnæði. Innflytjendur sem eru á leigumarkaðinum eru margir hverjir ekki með öruggan leigusamning. Leigusamningar innflytjenda er oftast sex til tólf mánuðir í senn og því erfitt að finna fyrir öryggi á húsnæðismarkaðinum. Miðstöð innflytjendarannsókna hjá Reykjavíkurakademíunni (MIRRA) stóð fyrir rannsókn á húsnæðisaðstæðum pólskra innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu. Í rannsókninni var lögð fram könnun og kom þar fram að 45% þeirra sem svöruðu séu með leigusamning sem gildir í sex til tólf mánuði og einungis 3% með leigusamning sem gildir í tvö til þrjú ár. Það er því að sjá að staða innflytjenda á íslenskum húsnæðisleigumarkaði er alls ekki nógu örugg og getur verið erfitt fyrir innflytjendur að finna stöðugleika þegar svo er (Velferðarráðuneytið, 2016).

5 Innflytjendur á Íslenskum atvinnumarkaði

5.1 Atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi

Samkvæmt opinberum upplýsingum frá Hagstofu Íslands er fjöldi innflytjenda á Íslandi 57.126 eða rúmlega 15,5% af fjölda landsmanna á Íslandi og fer þeim ört fjölgandi milli ára. 192.232 manns á aldrinum 16-74 ára voru skráð starfandi á Íslandi samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands, en af þeim eru 36.844 manns innflytjendur eða rétt rúmlega 19,2% af öllum starfandi á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2019).

Siðustu áratugi hefur orðið mikil fjölgun í búferlaflutningum innflytjenda til Íslands og þá aðallega vegna atvinnutækifæra en einnig vegna náms. Innflytjendur voru 2,1% þjóðarinnar árið 1996 en fjöldinn fór upp í 8,1% árið 2008 sem gefur skýra mynd af fjölguninni sem er enn þann dag í dag að þróast áfram. Innflytjendur frá Póllandi hafa lengi vel verið áberandi í íslensku samfélagi og á íslenskum atvinnumarkaði. Pólverjar voru langfjölmennastir á þessum tíma á Íslandi og voru 11.575 talsins, sem gerði þá rúmlega helming allra innflytjenda búsetta á Íslandi frá Evrópu (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010).

Atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi er almennt meiri en hjá Íslendingum, en ef litið er á staðgreiðsluskrá þá má sjá að innflytjendur eru um 19% af öllu vinnuafli Íslands (Alþýðusamband Íslands, 2018). Atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara á Íslandi í dag er 94% sem er afar hátt hlutfall og töluvert hærra en atvinnuþátttaka Íslendinga, sem er um 77% (Samtök atvinnulífsins, e.d.). Atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi er mjög há samanborið við önnur lönd en í Svíþjóð er atvinnuþátttaka innflytjenda aðeins 50%, sem er mun lægra hlutfall en á Íslandi (Samtök atvinnulífsins, e.d.). Innflytjendur frá Póllandi hafa lengi vel verið áberandi á íslenskum atvinnumarkaði en á árunum 2000-2004 voru innflytjendur frá Póllandi rúmlega 18% af erlendu vinnuafli á Íslandi. Pólverjar flyktust margir hverjir til Íslands á þessum árum vegna atvinnutækifæris við byggingu álvers á Reyðarfirði. Þar af sköpuðust góð tengsl milli vinnuveitenda á Íslandi og vinnuafli frá Póllandi sem varð til þess að íslenskir vinnuveitendur fóru að leitast oft og meira í pólskt vinnuafli þegar þenslan var sem mest (Vinnumálastofnun, 2011).

Rannsóknir sýna fram á það að eftirspurn innlendra í ósérhæfð störf hafa minnkað og má segja að það sé vegna aukinnar menntunar og atvinnuþátttöku kvenna. Það er því meira framboð frá atvinnurekendum í erlent vinnuafli í þau ósérhæfðu störf sem í boði

eru. Innflytjendur þurfa því margir hverjir að sætta sig við þau láglounastörf sem innlendir vilja margir ekki ganga í (Mirra, 2020).

Á árunum 2004-2008 þegar þensluskeiðið átti sér stað fjölgaði innflytjendum á íslenskum atvinnumarkaði verulega. Samkvæmt Vinnumálastofnun voru rúmlega 18.000 innflytjendur virkir á íslenskum atvinnumarkaði árið 2008 og var það u.þ.b. 10% af vinnuafli landsins á þeim tíma. Fjölgun innflytjenda á atvinnumarkaðinum stafaði í upphafi aðallega af aukinni atvinnu í boði við byggingarframkvæmdir og í ferðamannaþjónustu. Seinna meir fór svo að verða meira framboð af atvinnum í ýmsum greinum s.s. fiskvinnslu, iðnaði af ýmsu tagi og þjónustugreinum. Hlutfall innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði fór þó minnkandi þegar efnahagshrunið varð þar sem mörgum var sagt upp og færri störf í boði á íslenska atvinnumarkaðinum (Vinnumálastofnun, 2011).

Velferðarráðuneytið gerði könnun á atvinnu innflytjenda fyrir komu sína til Íslands og báru saman við atvinnugrein þeirra eftir flutning til Íslands. Þar má sjá að fleiri starfa við ósérhæfð störf hér á landi en fyrir komu þeirra til landsins. Þeir innflytjendur sem voru í vinnu í sínu heimalandi áður en þeir fluttust til Íslands voru einna helst í sérfræðingastörfum, afgreiðslu- eða þjónustustarfi og ósérhæfðu starfi. Stór hluti innflytjenda sem flytjast til Íslands hafa síðustu ár fengið störf á Íslandi í ferðaþjónusu, byggingarvinnu, ræstingum og ummönun (Velferðarráðuneytið, 2012).

5.2 Atvinnuleysi innflytjenda á Íslandi

Atvinnuleysi ríkir almennt um allan heim og mun alltaf vera til staðar að einhverju leyti, en markmið hvers lands fyrir sig er að halda atvinnuleysi í lágmarki. Atvinnuleysi er mun meira meðal innflytjenda en innlendra á Íslandi, 11,3%, en almennt atvinnuleysi er skráð 4,9% (Vinnumálastofnun, 2021). Fjölgun innflytjenda til Íslands seinustu ár hefur orðið til þess að fleiri fleiri innflytjendur séu komnir á atvinnumarkaðinn en samt sem áður fylgir því einnig að innflytjendum fjölgi á atvinnuleysisskrá. Af öllum á Íslandi á atvinnuleysisskrá þá eru innflytjendur rúmlega 40% þeirra, en fyrir nokkrum árum var það hlutfall einungis 20%. Það má því sjá slæma þróun stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði (Samtök atvinnulífsins, e.d.). Um helmingur innflytjenda sem flytja búferla sína til Íslands voru nú þegar atvinnulausir í heimalandi sínu.

Á pensluskeiðinu á árunum 2004-2008 var atvinnuleysi innflytjenda mjög lágt og jafnvel lægra en meðal innlendra. Við efnahagshrunið árið 2008 breyttist ýmislegt í þeim málum og tók atvinnuleysi innflytjenda að hækka töluvert á stuttum tíma þar sem að störf á atvinnumarkaðinum urðu enn færri og margir misstu sín störf. Innflytjendur unnu margir hverjir í byggingariðnaðinum, ferðaþjónustustörfum og öðrum störfum sem komu sem verst undan hruninu og var þar mörgum innflytjendum sagt upp eða laun lækkuð töluvert (Vinnumálastofnun, 2011). Við efnahagslega samdráttinn árið 2008 urðu störf enn færri og margir misstu atvinnu sína. Menntaðir innflytjendur misstu margir hverjir sína atvinnu eða þurftu að sætta sig við minni vinnu og lægri laun. Mest fækkaði þó í atvinnugreinum sem tengdust mannvirkjagerð, framleiðslu, fjármjálástörfum og ferðamannaiðnaðinum (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010).

Stjórnvöld skipta miklu máli þegar kemur að stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði. Íslensk stjórnvöld virðast líta á atvinnuþátttöku innflytjenda sem velferðarmál fremur en jafnréttismál og stangast það á við 65.gr stjórnarskrá Íslands. Í skrám stjórnvalda virðist megin áhersla þeirra vera á þjónustupörf innflytjenda og lítið sem ekkert lagt áherslu á aðgengi innflytjenda með sérhæfingu að atvinnumarkaði Íslands. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að finna og mynda jafnvægi milli þjónustubarfa og atvinnutækifærum innflytjenda svo að innflytjendur finni fyri öryggi í íslensku samfélagi (Claudie Ashone Wilson og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, 2019). Um mitt árið 2008 voru u.þ.b. 200 innflytjendur á atvinnuleysissskrá en þeim fjölgaði verulega á aðeins nokkrum mánuðum. Fjöldi innflytjenda á atvinnuleysissskrá hækkaði um 300 til 400 á mánuði og var fjöldi innflytjenda á atvinnuleysissskrá á Íslandi kominn upp í 2.100 snemma árs 2009, sem gefur upp góða mynd af fjölgun innflytjenda á atvinnuleysissskrá á svo stuttum tíma (Vinnumálastofnun, 2011).

5.3 Staða innflytjenda

Gríðarleg fjölgun innflytjenda á Íslandi hefur átt sér stað seinustu áratugi og munu koma til með að fjölga áfram næstu árin. Innflytjendur flytja búferla sína til Íslands og annara landa oftast nær vegna betri atvinnutækifæra eða náms. Þrátt fyrir mikinn áhuga erlendra einstaklinga á störfum á íslenskum atvinnumarkaði þá er ekki alltaf auðvelt fyrir þá að öðlast gott starf sem hæfir þeirra menntun. Mikill áhugi er hjá innflytjendum á störfum hjá hinu opinbera, en ekki allir komast að. Innflytjendum er oftast ekki hafnað

þegar þeir sækja um starf hjá hinu opinbera. Það er líklegra fyrir innflytjendur með sérhæfingu að fá starf hjá einkaaðilum frekar en hjá hinu opinbera samkvæmt könnunum sem hafa verið gerðar (Claudie Ashone Wilson og Auður Tinna Aðalbjarnarrdóttir, 2019).

Íslenska ríkisstjórnin setti fram stefnu um aðlögun innflytjenda árið 2017. Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allir innflytjendur á Íslandi fá að njóta sömu tækifæra og innlendir hér á landi. Jafnframt er markmið ríkisstjórnarinnar með stefnunni að innflytjendur hafi betra tækifæri og greiðari aðgang að því að vera virkir þátttakendur í Íslensku samfélagi (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Ekki er einungis nægjusamt að líta á innflytjendur sem starfskraft fyrir íslenska samfélagið, en margir innflytjendur flytjast til Íslands með fjölskyldur sínar og er mikilvægt að öllum sé tekið vel og boðið velkomin inn í nýtt samfélag. Erfitt getur verið að aðlagast nýju samfélagi og hugsunarháttur sem slíkur að innflytjendur séu einungis starfskraftur er ekki okkur Íslendingum til sæmdar. Innflytjendur geta verið mikilvægur og góður kraftur í íslenskt samfélag. Fjölgun innflytjenda í íslensku samfélagi hefur verið góð leið fyrir Íslendinga að læra jafnfrétti og að fjölbreytni komi í allskonar myndum.

Aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi getur verið erfið og þá aðallega vegna tungumálaörðugleika, til eru fjöldamörg tungumál í heiminum og getur íslenska málið reynst mörgum erfitt að læra. Margir innflytjendur kunna hvorki íslensku né ensku, þó margir séu enskumælandi einnig. Þar kemur mikilvægi Íslendinga við aðlögun innflytjenda inn í ferlið. Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda á Íslandi á að koma til með að aðstoða innflytjendur við að fóta sér sess í íslensku samfélagi á auðveldari hátt. Þar er lögð áhersla á að íslenskunám séu ekki einungis með það að markmiði að læra aðeins íslensk orð, en einnig að kennt sé samfélagsfræði og hvernig á að beita málinu í samfélaginu. Einnig vill ríkisstjórnin að framboð sé nægilegt og að framkvæmd séu gæðamat og eftirfylgni með kennslunni. Mikilvægt er að hafa gott aðgengi að íslenskunámi fyrir innflytjendur, hvort sem þeir séu starfandi á atvinnumarkaði eða ekki svo að innflytjendur geti aðlagast íslensku samfélagi á skilvirkan og fljótvirkan hátt (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

5.4 Framtíðarhorfur

Erfið staða innflytjenda í búsetulandi sínu er þekkt vandamál og eru mörg lönd að verða meira meðvituð um þá stöðu hjá sér. Stjórnvöld margra landa hafa reynt að bæta

úr stöðu innflytjenda í sínu landi með sértækum aðgerðum. T.a.m. tóku sænsk yfirvöld upp á því árið 2014 að halda vinnuhóp um aðlögun innflytjenda í von um aukna fjölbreytni á atvinnumarkaði í Svíþjóð. Árið 2016 settu síðan sænsk stjórnvöld rýmri lög við banni við mismunum með því að skylda vinnuveitendur að grípa til ráðstafana þegar þess þarf til þess að auka fjölbreytileikan á atvinnumarkaðinum í Svíþjóð (OECD, 2014).

Það getur reynt erfitt að spá fyrir um fjölgun innflytjenda til Íslands fram í tímann en þó hefur verið reynt að spá fyrir því með því að kanna efnahagskerfið í heiminum, fjölgun innflytjenda seinustu ár og spá hagvaxtarins. Samtök atvinnulífsins standa fyrir þeirri spá að innflytjendum á atvinnumarkaði á Íslandi muni fjölga um 14-32 þúsund ef horft er til ársins 2030. Skoðuð var spá um hagvöxtinn til þess að spá fyrir fjölguninni. Ef að hagvöxturinn næstu ár verður lítill þá gætu innflytjendur á atvinnumarkaði á Íslandi fjölgað um 14 þúsund en ef hagvöxturinn verður mikill gæti innflytjendum á atvinnumarkaði fjölgað um 32 þúsund (Samtök atvinnulífsins, e.d.). Það er því vitað að ekki muni innflytjendum á Íslandi fækka næstu ár og er því mikilvægt fyrir stjórnvöld að vera í stakk búin undir það og vinna í því að bæta aðstæður innflytjenda á Íslandi.

Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út skýrslu um stefnumótun í málefnum innflytjenda á Íslandi og var þar aðallega lögð áhersla á hag innflytjenda sem tilheyrja þeirra svæðum. Meginmarkmið stefnumótunarinnar var að hagsmunir allra innflytjenda og barna þeirra séu gætt og að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur sem einstaklingar á Íslandi. Til þess að tryggja það að innflytjendur þekki og skilji réttindi sín sem íbúar á Íslandi var lagt fram að bæta og styrkja þurfi lögum um innflytjendur á Íslandi. Samband íslenskra sveitarfélaga vill hafa það skýrt í lögum hver réttindi og skyldur erlendra ríkisborgara er við flutning til landsins og hvert hlutverk ríkisstjórnar og sveitarfélaga sé þegar kemur að móttöku nýrra innflytjenda til landsins. Opinber þjónusta við innflytjendur og fjölskyldur þeirra en einnig ábótavant og þarf að vera skýrt hvert hlutverk sveitarfélaga sé í þeim málum. Mikilvægt að innflytjendur séu partur af einni heild þjóðarinnar og að komið sé fram við þá sem slíkir og að þeir séu virkir þátttakendur í íslensku samfélag (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009).

Margar kenningar um stöðu innflytjenda hafa verið lagðar fram en ein þekktasta kenningin er Kenning Piore, en hann hefur lagt fram fjöldans kenningar um stöðu innflytjenda í heiminum. Kenning Piore um lagskiptan vinnnumarkað segir innflytjendur

vera á botni virðingastigans í þeim þjóðum sem þeir búa í. Virðing og samþykkt í samfélagi er öllum mikilvæg, sama hvort einstaklingur sé heimamaður eða aðfluttur. Piore heldur því fram að innlendir leggi megin áherslu á félagslega virðingu fram yfir kjör, og að innflytjendur gangi í þau láglaunastörf sem að innlendum finnist fyrir neðan þeirra virðingu (Mirra, 2020).

6 Mismunun

6.1 Birtingamyndir mismununar

Manneskjur eru eins mismunandi og þær eru margar, engir tveir eru eins og er það eitt af því fallegasta við lífið. Það er réttur allra að fá að njóta jafnréttis þrátt fyrir mismunandi uppruna, húðlit, kyn eða útlit. Eins einfalt og það hljómar þá er það því miður ekki raunin í heiminum í dag. Alls staðar í heiminum lifir fólk við mismunun og fordóma og hefur það verið frá upphafi mannkyns. Þó mismunun sé langt á leið komin að verða betri frá fyrri tíð þá er hún alltaf til staðar einhversstaðar og mun alltaf vera. Árið 1995 var stórt skref tekið varðandi mannréttindi, en þá var lögfest almenn jafnréttisregla (Mannréttindaskrifstofa Íslands). 65. grein stjórnarskrárinnar hljómar svo: „Allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Mismunun eru fordómar sem hafa áhrif á hegðun og framkomu einstaklinga eða hópa. Oft er talað um mismunun í samhengi við lög og reglur en mismunun á ekki síður við um framkomu fólks í garð minnihlutahópa. Til eru mismunandi birtingarmyndir fordóma og geta þeir ýmist verið einstaklingsbundnir, stofnanatengdir, menningarlegir eða duldir fordómar. Duldir fordómar eru hversdagslegt orðalag, gjörðir eða umhverfislegt atvik sem gerir lítið úr manneskju og niðurlægja einstaklinginn varðandi kynþátt, kynhneigð, kyngervi eða líkamsfærni. Duldir fordómar er algengasta form fordóma sem innflytjendur sæta en jafnframt alls ekki mest áberandi. Auðvelt getur verið að gera sér ekki grein fyrir duldu fordómunum sem einstaklingar eru að gefa frá sér (Guðrún Pétursdóttir, 2013). Inter Cultural Iceland (ICI) framkvæmdi rannsókn á birtingarmynd dulinna fordóma og mismunun sem innflytjendur á Íslandi upplifa. Rannsóknin var gerð yfir tveggja vikna tímabil og voru þátttakendur 72 talsins. Einungis fimm af 72 þátttakendum höfðu ekki upplifað neina fordóma eða mismunun á því tveggja vikna tímabili sem rannsóknin stóð yfir. Rúmlega 60% þátttakenda höfðu upplifað dulda fordóma eða einhversskonar mismunun fimm sinnum eða oftar á tveggja vikna tímabili. Sú tala sýnir vel að duldir fordómar og mismunun eiga sér svo sannarlega stað á Íslandi í garð innflytjenda. Rannsóknin leiddi í ljós að það er mun algengara að innflytjendur upplifi dulda fordóma sem eru ekki jafn sýnilegir fyrir öðrum heldur en að

upplifa sýnilega fordóma og er það í raun oft þannig að einstaklingar gera sér ekki í grein fyrir fordómunum sem þeir eru að láta frá sér vegna þess að sumir fordómar geta talist eðlilegur samskiptamáti hjá einstökum einstaklingum (Guðrún Pétursdóttir, 2013).

Á Íslandi, sem og fjölmörgum öðrum löndum, er samkvæmt lögum bannað að mismuna en samt virðast innflytjendur oft verða fyrir mismunun á mörgum sviðum þ.m.t. á atvinnumarkaðinum, líklegast vegna þess að innflytjendur þekkja og skilja ekki réttindi sín nægilega vel. Lágmarkslaunabrot getur verið algengt brot gegn innflytjendum en það er þegar þeir vinna t.d. oftast á kvöldin en fá svo greitt jafnaðarlaunakaup, sem er ekki hár taxti og eru þá launin ekki í samræmi við þá tíma sem unnin er. Til eru mörg dæmi um brot á réttindum innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði s.s. brot á orlofsrétti, brot á reglum um vinnutíma, uppsagnarfrestur ekki virtur, kennitölufلاك og fleiri brot sem hægt væri að nefna (Alþýðusamband Íslands, 2018).

6.2 Fjárhagur innflytjenda á Íslandi

Fjárhagur fólks almennt getur sagt mikið til um lífsgæði þeirra og líkt og hefur komið hér fram áður þá er einn þáttur þess að fólk flytji búferla sína oftar en ekki vegna lélegrar fjárhagsstöðu í heimalandi sínu. Oft getur fjárhagur einstaklinga batnað við að flytja búferla sína til nýs lands en samt sem áður geta innflytjendur verið á verri stað fjárhagslega en innlendir í nýju landi. Laun innflytjenda á Íslandi eru almennt ekki mjög há en geta þó verið töluvert hærri en innflytjendur fengu áður í heimalandi sínu, en aftur á móti er oftast dýrara að lifa hér á Íslandi. Meðallaun á Íslandi eru t.a.m. margfalt hærri en meðallaun í Póllandi (Samtök atvinnulífsins, e.d.). Innflytjendur stunda það margir hverjir að flytja búferla sína til Íslands í leit að atvinnu og senda síðan hluta af peningnum sem þau afla sér inn til fjölskyldu sinnar í heimalandi sínu. Innflytjendur sendu samtals rúmlega 35 milljarða króna til heimalands síns árið 2018, en það er rúmlega 900 þúsund krónur á ári frá hverjum innflytjenda (Samtök atvinnulífsins, e.d.).

Tekjur eru að jafnaði lægri hjá innflytjendum en innlendum. Niðurstöður Hagstofu Íslands sýna fram á að laun innflytjenda eru að jafnaði 8% lægri en laun innfæddra og er launamunur mismikill milli starfsstétta. Launamunur er 10% í ræstingarstörfum, 11% í atvinnu verkafólks og 8% í leiksskóla- og skólastörfum. Útreikningar benda til þess að innflytjendur fái að jafnaði lægri laun vegna lægri menntunargráðu en innlendir. Ef borin eru saman laun innflytjenda frá Norðurlöndunum og frá Austur-Evrópu þá bera

atvinnuþátttakendur frá Norðurlöndunum sigur úr bítum. En innflytjendur frá Austur-Evrópu fá að jafnaði 6% lægri laun en innflytjendur frá Norðurlöndunum. Einnig geta laun farið eftir dvalartíma og starfsaldri innflytjenda, en þeir innflytjendur sem hafa dvalið á Íslandi í 6-9 ár hafa að jafnaði 2% hærra laun en þeir innflytjendur sem hafa dvalið á Íslandi í 5 ár eða skemur (Hagstofa Íslands, 2019).

Í lok árs 2021 lagði Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins fram könnun meðal launafólks innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um fjárhagslega stöðu jafnt og stöðu á húsnæðismarkaði. Meðal spurninga í könnuninni var „hversu erfitt eða auðvelt er að láta enda ná saman?“ og kom þar fram að rúmlega helmingur innflytjenda eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að láta enda ná saman. Ef það er borið saman við innfædda þar sem 25%-29% svarenda sögðust eiga nokkuð erfitt með að láta enda ná saman. Það má sjá að það er gríðarlegur munur á fjárhagsstöðu innflytjenda og innlendra. Innflytjendur hér á landi búa flestir við efnislegan skort, en innflytjendur eiga ýmist ekki efni á síma, sjónvarpi, þvottavél, hita og rafmagni eða bíl. Rúmlega 32% innflytjenda hafa ekki fjárhagsstöðu til þess að geta mætt óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Í könnuninni kom fram að almennt hefur fjárhagsstaða fólks með erlendan bakgrunn versnað frá árinu 2021 og er það ekki góð þróun þar sem fjárhagsstaða innflytjenda var almennt ekki góð fyrir (Hagstofa Íslands, 2019).

Árið 2017 var miðgildi heildartekna hjá innflytjendum á Íslandi 4,9 milljónir á ári en hjá innlendum var miðgildið 5,2 milljónir. Það sýnir 300 þúsund króna mun á milli heildartekna innlendra og innflytjenda á ári. Eignir geta einnig sagt mikið til um fjárhag og stöðu einstaklinga, eignir s.s. fasteignir, bílaeignir, peningalegar eignir og fleira. Innflytjendur eiga almennt færri eignir en innlendir og má sjá meiri mun á eignum innflytjenda og innlendra en á heildartekjum þeirra. Margt gæti skýrt þennan mun á eignum innflytjenda og innlendra, en þar sem innflytjendur hafa margir hverjir búið á Íslandi í skemmri tíma en innlendir og hafa þá ekki haft nægilegan tíma og tækifæri til þess að festa sér kaup á eignum. Einnig gæti launamunur innflytjenda og innlendra orðið til þess að innflytjendur hafa hreinlega ekki efni á því að festa kaup á eignum og þurfa þ.a.l. að safna sér í lengri tíma til þess að eiga fyrir því (Hagstofa Íslands, 2019).

6.3 Menntun innflytjenda á Íslandi

Þekking er öllum mikilvæg og getur komið sér vel fyrir í lífinu þar sem einstaklingar geta þurft að takast á við margskonar áskoranir og aðstæður geta komið upp. Þekking eykst á lífsleiðinni og er menntun mikilvægt tól til þess að afla sér þekkingar. Ein stærsta hindrun innflytjenda á Íslandi er tungumálakunnátta. Þegar fólk flytur búferla sína til nýs lands með nýju tungumáli getur verið erfitt að komast inn í samfélagið. Dræm Íslenskukunnátta innflytjenda getur verið ein þeirra stærsta hindrun á íslenskum atvinnumarkaði sem og íslensku menntakerfi. Íslenska tungumálið er erfitt tungumál og getur reynst mörgum innflytjendum erfitt að læra. Innflytjendur hafa margir hverjir áhuga og metnað fyrir því að læra íslenska tungumálið en geta orðið fyrir hindrunum sem koma í veg fyrir að þau geti stundað það og sinnt því nægilega vel. Staðreyndin er sú að innflytjendur vinna almennt meira og lengri vinnutíma en innlent fólk á Íslandi og getur verið erfitt að stunda íslenskunámskeið vegna langra vinnudaga þeirra.

Menntun getur verið mikilvæg þegar um atvinnu er að ræða. Almennt er auðveldara að fá atvinnutækifæri þegar einstaklingur er vel menntaður. Einnig getur menntun haft veruleg áhrif á laun einstaklinga, oftast fá betur menntaðir einstaklingar hærri atvinnutekjur. Þegar skoðaðir eru innflytjendur sem eru nú skráðir atvinnulausir þá eru 25% þeirra háskólamenntaðir og rúmlega 25% með framhaldsskólamenntun (Hagstofa Íslands, 2018). Innflytjendur með háskólamenntun hafa að jafnaði 13% hærri tekjur en innflytjendur sem eru ekki háskólamenntaðir, en árið 1990 var munurinn mun meiri eða rúmlega 53% (Hagstofa Íslands, 2018). Margir innflytjendur starfa ekki á sínu menntasviði einfaldlega vegna þess að erfitt getur verið fyrir þá að fá atvinnu í nýju landi. Á Íslandi starfa margir innflytjendur við atvinnu sem þeir myndu gjarnan teljast ofmenntaðir fyrir, en þá eru innflytjendur t.d. að vinna við ræstingarstörf eða afgreiðslustörf þrátt fyrir háskólamenntun í öðru fagi sem gæti reynst betur í öðrum atvinnugreinum (Hagstofa Íslands, 2019). Munur á menntun innflytjenda og innlendra er ekki mikill á Íslandi en svipað hlutfall innlendra og innflytjenda hafa einungis lokið grunnskólanámi eða rúmlega 50%. Munur innflytjenda og innlendra með háskólamenntun á atvinnuleysisskrá er einnig frekar svipaður en þó eru fleiri háskólamenntaðir Íslendingar á atvinnuleysisskrá eða rúmlega 17% á móti 12% innflytjendum (Vinnumálastofnun, 2011).

Þegar kemur að aðlögun innflytjenda að samfélagi Íslands þá spilar menntakerfið stórt og mikilvægt hlutverk í því. Menntakerfið getur hjálpað innflytjendum á öllum aldri að aðlagast og komast betur í takt við íslenskt samfélag og er því mikilvægt að hafa gott menntakerfi. Menntun þeirra innflytjenda sem flytjast til Íslands á barnsaldri hefst í leikskóla. Í leikskóla geta börn innflytjenda haft tök á því að læra á tungumálið og læra inn á samfélagið á Íslandi. Leikskólasókn innflytjenda telst afar lág en t.a.m. voru einungis 16 innflytjendur, sem voru eins árs eða yngri, sem sóttu leikskóla árið 2017. Það telur einungis til 27,8% innflytjenda á sama aldursári þetta ár á Íslandi. Ef sú tala er borin saman við innlend börn á sama aldursári þá eru rúmlega 49% þeirra sem sækja leikskóla (Hagstofa Íslands, 2019). Framhaldsskóli getur verið gríðarlega stór og mikilvægur hluti af unglingsárum ungra einstaklinga. Félagsskapur er mikilvægur og getur hjálpað mörgum innflytjendum að koma sér fyrir hér á landi og komast betur inn í samfélagið. Þegar litið er á skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla þá má sjá að hún minnkar með aldrinum. Skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla sem eru 16 ára var 80,7% árið 2017 en þegar horft er til skólasóknar innflytjenda sem eru 19 ára þá var hún einungis 23,7% (Hagstofa Íslands, 2019). Það getur verið erfiðara fyrir innflytjendur sem koma á seinni unglingsárin að komast inn í samfélagið þar sem erfiðara er læra tungumálið og þ.a.l. erfiðara að móta sér sess í íslensku samfélagi.

6.4 Uppruni og laun

Hagstofa Íslands og innflytjendaráðið stóðu saman fyrir rannsókn í þeim tilgangi að skoða launamun á milli innflytjenda og innlendra á Íslandi. Rannsóknin var unnin úr gögnum sem fengust úr launaskráum á árunum 2007-2018 og var verkefnið unnið með tilliti til allra þátta, s.s. kyns, menntunar, aldurs, fjölskylduaðstæður, búsetustöðu og fleiri starfstengdra þátta. Í rannsókninni kom fram að innflytjendur eru almennt með lægri laun en innlendir á íslenska atvinnumarkaðinum og séu líklegri til þess að sætta sig við láglænaðari störf. Innflytjendur hafa að meðaltali 8% lægri laun en innlendir og flöktaði launamunurinn allt á milli 1% til 16% eftir mismunandi störfum. Þegar tekið er tillit til menntunar þá kemur í ljós að innflytjendur lúta lægra á því sviði. Þrátt fyrir sömu menntunarstöðu innflytjenda og innlendra þá fá innflytjendur að jafnaði 11% til 15% lægri laun en innlendir (Hagstofa Íslands, 2019).

Innflytjendur sem flykkjast til Íslands koma frá mismunandi löndum og kom það fram í rannsókninni að ekki sé samræmi milli launa innflytjenda frá mismunandi upprunalöndum. Niðurstöður rannsóknar sýnir fram á að það sé munur á launum innflytjenda í sömu störfum. Innflytjendur sem koma frá Norðurlöndunum hafa almennt hærra laun en innflytjendur sem koma annarsstaðar frá. Innflytjendur frá Austur-Evrópu og Asíu standa verst þegar skoðaður er launamunur innflytjenda frá mismunandi upprunalöndum (Hagstofa Íslands, 2019).

6.5 Konur af erlendum uppruna á Íslandi

Á Íslandi ríkir lagalegt kynjajafnrétti, líkt og í flest öllum löndum heims. Þó virðist sem að ekki allir fari eftir því, en lagalega þá er reynt að viðhalda jafnrétti og reynir ríkisstjórnin að koma þeim til hjálpar sem verða fyrir ójafnrétti. Jafnréttislögin á Íslandi kveða á um að ekki skuli mismuna einstaklingum á grundvelli kyns. Allir eiga skilið að njóta jafnra tækifæra í samfélaginu hvort sem þeir séu skilgreindir sem konur, karlar, hvorugkyn eða annað (Forsætisráðuneytið, e.d.). Frá fyrstu tíð hafa konur þurft að lúta lægra haldi fyrir körlum og hefur barátta kvenna um jafnrétti átt sér stað alla tíð. Jafnrétti kynjanna er komið langt á leið ef litið er á stöðu kvenna fyrir áratugum, en þó ríkir ekki alltaf jafnrétti kynja allstaðar í heiminum í dag. Kvennasamningur Sameinuðu þjóðanna var samþykktur og fullgiltur á Íslandi þann 18. Júní 1985. Samningurinn felur í sér réttindi kvenna, að konur eigi að hafa jafngild réttindi og karlar. Kvennanefnd sameinuðu þjóðanna sér um að fylgja því eftir að staðið sé við samninginn og að hann sé rétt túlkaður á öllum tungumálum heims (Dómsmálaráðuneytið, e.d.). Samningurinn var stór áfangi í baráttu kvenna um jafnrétti á þeim tíma og stendur enn í dag. Í dag eru konur mun betur staddar í samfélaginu en áður fyrr og er það fagnaðarefni.

Kynjahlutfall innflytjenda á Íslandi er yfirleitt á svipuðu reki. Þegar litið er á upplýsingar frá Hagstofu Íslands þá sést að seinustu ár hefur fjöldi kvenna sem flytja til Íslands ávallt verið hærra en fjöldi karlmannna. Síðustu ár hafa u.þ.b. 150-200 fleiri konur komið til Íslands sem innflytjendur en karlar. Síðustu 30 ár hafa fleiri konur en karlar fengið íslenskan ríkisborgararétt hvert ár. (Markús Þ. Þórhallsson, 2021)

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi (W.O.M.E.N) eru samtök sem standa við bakið á konum með mismunandi bakgrunn. Þau starfa við atvinnu- og félagsmál kvenna af erlendum uppruna um allt land. Markmið þeirra er að sjá til þess að konur

verði ekki fyrir hindrunum og geti notið jafnra tækifæra í samfélaginu. Samtökin upplýsa og efla erlendar konur á Íslandi, svo að þær geti aðlagast samfélaginu á skilvirkan hátt. Þau leggja áherslu á menntun erlendra kvenna og hvetja þær eindregið til þess að mennta sig enn frekar. Samtök kvenna af erlendum uppruna standa fyrir baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Oft getur verið erfitt fyrir innflytjendur á Íslandi að þekkja rétt sinn nægilega vel, þar sem að þeir eru komnir inn í nýtt samfélag með nýju tungumáli sem þeir kunna lítið sem ekkert í. Samtökin veita eyra til hlustunar fyrir erlendar konur á Íslandi og fræða þær um réttindi sinn. Samtök kvenna af erlendum uppruna vinna með öðrum samtökum hér á Íslandi með því að hlusta á erlendar konur og benda þeim á viðeigandi samtök sem gætu hjálpað þeim enn betur. W.O.M.E.N á Íslandi leggja mikið upp úr því að veita konum af erlendum uppruna félagsskap og að veita þeim félagslíf, en með því eru þau að gefa konum með ólíkan bakgrunn tækifæri til að standa saman og hjálpa hver annarri að kynnast samfélaginu betur. Þau standa fyrir allskonar verkefnum fyrir þessar konur, m.a. veita þær jafningjaráðgjöf, eldhúshittinga, þar sem konur koma saman og elda mat af ólíkum uppruna, kórastarf og söguhring kvenna. Söguhringur kvenna er verkefni sem er sett saman í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, en þar hittast konur af ólíkum uppruna og deila sögum. Þær fá því að kynnast og fræðast um mismunandi menningarheima, trúarbrögð og siði (W.O.M.E.N in Iceland, e.d.).

7 Umræður og lokaorð

Nú hefur verið rýnt ítarlega í stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði frá ýmsum sjónarhornum og aðstæðum til þess að fá góða mynd af heildinni. Rannsóknarspurningin sem lögð var fyrir: *Hver er staða innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði?*

Rannsóknir, ritrýndar greinar og ýmis efni hafa verið skoðaðar og er það fyrir allra augum að staða innflytjenda á Íslandi er alls ekki nógu góð og það á mörgum sviðum. Niðurstöður sýna að fjöldi innflytjenda á Íslandi hefur aukist gríðarlega með árunum og með svipaðri þróun munu innflytjendum halda áfram að fjölga um ókomna tíð. Fjölgun búferlaflutninga til landsins á sér ekki bara stað á Íslandi heldur búferlaflutningar eiga sér stað í öllum heiminum.

Niðurstöður rannsóknarvinnunar sýnir að innflytjendur á Íslandi séu almennt með 8% lægri laun en innlendir í sömu störfum og munurinn eykst þegar litið er á láglounastörf s.s. ræstingarstörf og þjónustustörf. Launumunur innflytjenda flöktaði mismikið eftir starfsstéttum og upprunalandi. Innflytjendur frá Norðurlöndunum fá alla jafna hærri laun en innflytjendur frá Austur-Evrópu og Asíu. Það virðist reynast innflytjendum erfitt að fá starf sem hæfir þeirra menntunargráðu og þurfa þeir oft að sætta sig við þau láglounastörf sem margir Íslendingar telja vera starf sem er fyrir neðan þeirra virðingu. Margir innflytjendur teljast ofmenntaðir í sínu starfi þar sem innflytjendur eru oft á tíðum vel menntaðir en fá einfaldlega ekki ráðningu í starf sem hæfir þeirra menntun og ganga þá í störf sem krefjast lítillar eða engar menntunar. Þegar atvinnuveitendur líta á starfsúmsóknir í ráðningarferlinu er menntun og starfsreynsla innflytjenda nær oftast minna metin en hjá innlendum og eru innlendir frekar ráðnir í störfin þrátt fyrir góða menntun og starfsreynslu umsækjanda sem er innflytjandi.

Innflytjendur eiga erfiðara en Íslendingar með að þekkja og kunna réttindi sín á íslenskum atvinnumarkaði og er þá líklegra að svindlað sé á þeim og þeirra réttindum. Erfitt er fyrir þá að þekkja réttindi sín, þá aðallega vegna tungumálaörðugleika en einnig vegna þess að þeim hefur ekki verið leiðbeint og kynnt réttindi sín nægilega vel. Menntakerfið á Íslandi þykir ekki nægilega gott fyrir fólk af erlendum uppruna og börn þeirra. Mörg börn sem koma hér til Íslands á barns- og unlingsaldri ná sér ekki á strik í

Íslenska menntakerfinu og eru margir sem flosna upp úr skóla vegna erfiðleika við að fóta sér sess í íslensku menntakerfi og samfélagi. Niðurstöður sýna fram á að skólasókn erlendra barna minnkar til muna eftir 18 ára aldur. Erfitt getur verið fyrir fullmótaðan einstakling að flytjast til nýs lands og koma seint inn í íslenska menntakerfið en einnig minnkar skólasókn innflytjenda eftir 18 ára aldur þar sem þeir koma margir hverjir til landsins í leit af atvinnutækifærum umfram menntunartækifæra. Ljóst er að halda þarf betur utan um erlenda nemendur og að hjálpa þeim að komast inn í samfélagið, en íslensk stjórnvöld standa misvel að vígi þegar kemur að utanuhaldi um námsmenn af erlendum uppruna.

Innflytjendur þurfa ekki einungis að sætta sig við slæma stöðu á íslenskum atvinnumarkaði en einnig er staða þeirra á íslenskum húsnæðismarkaði ekki fyllilega góð. Innflytjendur upplifa fordóma og mismunun á íslenska húsnæðismarkaðinum og eiga erfiðara með að finna húsnæði til leigu eða eignar. Þá þurfa margar fjölskyldur að búa þröngt sökum erfiðis við að finna húsnæði á viðráðanlegu verði. Innflytjendur á leigumarkaðinum finna fyrir litlum stöðugleika vegns þess að leigusamningar þeirra eru oftast en ekki til styttri tíma, eða langoftast sex til tólf mánuðir í senn. Stuttir leigusamningar verða til þess að innflytjendur þurfa að flytjast ört á milli húsnæða og oft í önnur hverfi eða bæjarfélög sem verður til þess að erfiðara er að fóta sig í samfélaginu. Erlend börn eiga sérstaklega erfitt með slíkar breytingar og getur það haft veruleg áhrif á lífsskilyrði þeirra. Sífelldar breytingar á umhverfi erlendra barna getur haft slæm áhrif á menntun og tungumálakunnáttu þeirra sem og tækifæri þeirra til þess að fóta sig í íslensku samfélagi verður enn erfiðari fyrir vikið. Innflytjendur þurfa margir hverjir að þola fordóma og mismunun í sinn garð í ýmsum birtingarmyndum. Sumar birtingarmyndir mismununar eru hjá mörgum talin eðlileg samskipti þannig að fólk sjálft tekur ekki eftir fordómum sem þeir eru að gefa frá sér. Það er því miður þannig á fleiri stöðum en á Íslandi.

Kórónuveirufaraldurinn hafði slæm áhrif á alla einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi en gerði stöðu innflytjenda hér á landi enn erfiðari en hún var fyrir. Með tilkomu Covid-19 var mörgum innflytjendum sagt upp og varð fjárhagsstaða þeirra þ.a.l. enn verr stödd en áður fyrr. Kórónuveirufaraldurinn hafði ekki einungis slæm áhrif á stöðu innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði hann hafði einnig slæm áhrif á þjónustuveitingu ríkisins og

menntun innflytjenda á Íslandi. Erfiðara varð fyrir erlend börn að læra sitt nám á íslensku heiman frá með aðstoð erlendra foreldra og á þetta tímabil eftir hafa langtímaáhrif á nám erlendra barna. Boðið var upp á takmarkaða fjarnámsaðstoð við heimanám fyrir erlenda nemendur sem átti að koma til með að aðstoða nemendurna við námið en skaðinn mun samt alltaf vera einhver á nám þessara barna.

Stjórnvöld Íslands virðast vera vel meðvituð um erfiða stöðu innflytjenda á Íslandi sem og öllum heiminum en ekki er nóg að gefa út ýmsar skýrslur og áætlanir um betrun á stöðu innflytjenda á Íslandi. Það þarf einnig að halda utan um slíkar skýrslur og verkefni og sjá til þess að þeim sé fylgt eftir til þess að sjá hvernig staða innflytjenda á Íslandi þróast. Stjórnendur á Íslandi eiga að sjá til þess að landsmenn hafi jöfn tækifæri á góðum lífsskilyrðum og að þeim líði vel, það á jafnmikið við um innlenda og erlenda búsetta á Íslandi.

Heimildaskrá

- Agata Ryszkowska. (2020, 9. mars). *Pros and cons of living in Iceland – An immigrant point of view*. Fjallhalla. Sótt 27. apríl af <https://fjallhalla.com/pros-and-cons-of-living-in-iceland-an-immigrant-point-of-view/>
- Alþýðusamband Íslands. (2021). *Íslenskur vinnumarkaður 2021*. Sótt 27. apríl 2022 af https://www.asi.is/media/317291/vinnumarkadsskyrsla_2021.pdf
- Alþýðusamband Íslands. (2018). *Íslenskur vinnumarkaður 2019*. Sótt 27. apríl 2022 af https://www.asi.is/media/315797/islenskur_vinnumarkadur_2019_brotastarfsemi_130819_2.pdf
- Best citizenships. (e.d.). *10 most popular countries for immigration*. Sótt 27. apríl af <https://best-citizenships.com/2021/09/29/10-most-popular-countries-for-immigration/>
- BSRB. (e.d.). Um stéttarfélag og hlutverk þeirra. Sótt 27. apríl af <https://www.bsrb.is/is/vinnurettur/vinnurettur/um-stettarfelag-og-hlutverk-theirra>
- Claudie Ashone Wilson og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir (2019) Jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði. *Réttur Aðalsteinsson & Partners*. Sótt 18. apríl 2022 af <https://rettur.is/wp-content/uploads/2019/10/Jafnrétti-innflytjenda-á-atvinnumarkaði.pdf>
- Dómsmálaráðuneytið. (e.d). Samningur sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/afnam-mismununar-gagnvart-konum/>
- Lorena Martini. (2022, 8. apríl). *Movement to action: How Russia's war on Ukraine could reshape EU migration policy*. European council on foreign relations. Sótt 29. apríl af <https://ecfr.eu/article/movement-to-action-how-russias-war-on-ukraine-could-reshape-eu-migration-policy/>
- Félagsmálaráðuneytið. (2009). Innflytjendur á Íslandi. Sótt 27. apríl 2022 af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Innflytjendur_skyrslaOkt2009.pdf

- Félagsmálaráðuneytið. (2007). Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Sótt 27. apríl 2022 af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf
- Félagsmálaráðuneytið. (2020). Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FRN/Stoðuskýrsla%20Uppbyggingarteymis%2024.9.2020%20-%20RA.pdf>
- Forsætisráðuneytið. (e.d.). Um jafnrétti kynjanna. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/um-jafnretti-kynjanna/>
- Guðrún Pétursdóttir. (2013-a). Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi. *Íslenska Þjóðfélagið*, 4, 27-39.
- Guðrún Pétursdóttir. (2013-b). Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi. *Íslenska Þjóðfélagið*, 4, 27-39. Sótt af https://www.ici.is/assets/Birtingarmyndir_dulinna_fordoma_og_mismununar_%C3%AD_garð_Innflytjenda_1.pdf
- Hagstofa Íslands. (2019-a). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2020/>
- Hagstofa Íslands. (2019-b). *Hlutfall innflytjenda af starfandi hefur farið vaxandi í öllum landshlutum*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinumarkadur/fjoldi-starfandi-samkvaemt-skram-a-1-arsfjordingi-2019/>
- Hagstofa Íslands. (2019-c). *Innflytjendur með um 8% lægri laun en innlendir*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/rannsokn-a-launamun-eftir-bakgrunni-2008-2017-10942/>
- Hagstofa Íslands. (2019-d). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur/>
- Hagstofa Íslands. (2019-e). Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur. *Hagtíðindi: Félagsvísar*. Sótt 27. apríl 2022 af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/901e98bb-a182-4dc1-9059-261b7bea719b.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2019-f). Félagsvísar: Rannsókn á launamun eftir bakgrunni 2008-2017. *Hagtíðindi: Félagsvísar*. Sótt 27. apríl 2022 af

<http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/fec8bbe4-6295-4fd6-8fce-35ef9a95d6ea.pdf>

Hagstofa Íslands. (2018). *Tekjur hærri með auknu menntunarstigi*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/tekjur-eftir-menntun-1990-2017/>

Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2012). *Schengen samstarfið*. Sótt 27. apríl af <https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/ymiss-mannrettindi/ferdafrelsi/schengen-samstarfid>

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Útlendingar og fólk af erlendum uppruna*. Sótt 27. apríl af <https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/utlendingar-og-folk-af-erlendum-uppruna>

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Bann við mismunun*. Sótt 27. apríl af <https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/ymiss-mannrettindi/bann-vid-mismunun>

Markús Þ. Þórhallsson. (2021, 19. október). *Innflytjendur 15% mannfjöldans á Íslandi*. RÚV. Sótt 25. apríl af <https://www.ruv.is/frett/2021/10/19/innflytjendur-155-mannfjoldans-a-islandi>

Mirra. (2020). *Innflytjendur í ferðaþjónustu, drifkraftur vaxtar og hagsældar*. Sótt 27. apríl 2022 af https://mirra.is/wp-content/uploads/2020/06/Innflytjendur_i_ferdathjonustu-drifkraftur_vaxtar_og_hagsaeldar-Dr.Hallfridur-Thorarinsdottir.pdf

Mirra. (2015). *Húsnæðisaðstæður pólskra innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu – ástand og áskoranir*. Sótt 27. apríl 2022 af https://mirra.is/wp-content/uploads/2019/12/Husnaedisadtaedur_polskra_innflytjenda.pdf

Nanna Hermannsdóttir (2019). *Hvað mætir útlendingum á íslenskum vinnumarkaði?* Sótt 27. apríl 2022 af https://www.asi.is/media/315860/hvad-maetir-utlendingum-a-i-slenskum-vinumarkadi_final.pdf

OECD. (2014). *Finding the way: A discussion of Swedish Migrant Integration System*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.oecd.org/migration/swedish-migrant-integration-system.pdf>

OECD. (2017). *International Migration Outlook 2017*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.oecd-ilibrary.org/docserver/69d969cf->

[is.pdf?expires=1647898041&id=id&accname=guest&checksum=FE0E9B813E203AD2B0D1E3E73DEF95EE](https://www.un.org/sw/desa/remittances-matter-8-facts-you-don't-know-about-money-migrants-send-back-home)

Organization for migration. (e.d.) Remittance matter: 8 facts you don't know about the money migrants send back home. Sótt 25. apríl af <https://www.un.org/sw/desa/remittances-matter-8-facts-you-don't-know-about-money-migrants-send-back-home>

Organization for migration. (2020). *World migration report 2020*. Sótt 17. ágúst 2020 af https://www.un.org/sites/un2.un.org/files/wmr_2020.pdf

Reykjavíkurborg. (2020). Reykjavíkurborg: Covid-19 og innflytjendur. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/innflytjendur_og_covid_2020_samantekt.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda. Sótt af https://www.samband.is/wp-content/uploads/2020/06/stefnumotun_innflytjendur.pdf

Samtök atvinnulífsins. (e.d). *Íslenskur vinnumarkaður 2021*. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.sa.is/frettatengt/frettir/sameinud-i-fjolbreytileika>

Sigríður Elín Þórðardóttir. (2011). *Erlendir ríkisborgarar í íslensku samfélagi*. Bygðastofnun. Sótt 25. apríl af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir_rikisbogarar-juni_2011.pdf

Unnur Dís Skaptadóttir. (2010). Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn* (bls. 314- 322).

UN migration. (2022). *World migration report 2022*. Sótt 27. apríl af <https://reliefweb.int/sites/reliefweb.int/files/resources/WMR-2022-EN.pdf>

Velferðaráðuneytið. (2012). Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961-2011 með áherlsu á flutninga á samdráttarskeiðum. Sótt 27. apríl 2022 af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur2012/Folksflutningar_03042012.pdf

Velferðarráðuneytið. (2016). Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda árið 2016. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1305.pdf>

- Vinnumálastofnun. (2019). Vinnumarkaðurinn á Íslandi. Sótt 27. apríl 2022 af <https://vinnumalastofnun.is/media/2293/juli-2019-skyrsla.pdf>
- Vinnumálastofnun. (2020). Vinnumarkaðurinn á Íslandi. Sótt 27. apríl 2022 af <https://vinnumalastofnun.is/media/2529/mar2020skyrsla.pdf>
- Vinnumálastofnun. (2011). Útlendingar á atvinnuleysissskrá og þátttaka í virkniúrræðum. Sótt 27. apríl 2022 af <https://www.vinnumalastofnun.is/media/2014/utlendingar-og-urraedi-sept-2011.pdf>
- W.O.M.E.N in Iceland. (e.d.). *Women's Story Circle*. Sótt 27. apríl af <https://womeniniceland.is/en/womens-story-circle/>
- Þjóðskrá Íslands. (2021). Erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Sótt 27. apríl af <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2021/03/15/Erlendir-rikisborgarar-busettir-a-Islandi-mars-2021/>